

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 25. ágúst 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Framkvæmdir ársins

Fyrir fundinum lágu gögn um helstu framkvæmdir sem sveitarfélagið hefur staðið að á sumrinu. Sveitarstjórn yfirfór fyrirleggjandi gögn og gerði nokkrar fyrirspurnir. Málið var til kynningar.

2. Staðgreiðsla janúar – júlí 2011

Fyrir fundinum lá samantekt um staðgreiðslu árána 2008 – 2010 og fyrstu 7 mánuðir 2011.

Það sem af er ársins 2011 hefur staðgreiðsla verið heldur hærrí en meðaltal þriggja ára þar á undan. Að teknu tilliti til þess meðaltals stefnir í að staðgreiðsla verði mjög nærri fjárhagsáætlun.

3. Grunnskólinn

a. Starfsmannahald /skóladagatal

Samantekt um starfsmenn Höfðaskóla lá fyrir fundinum þar sem tekið er saman hvert er starfsheiti og starfshlutfall hvers og eins. Einnig lá fyrir fundinum skóladagatal skólaársins. Fundarmenn ræddu fyrirleggjandi gögn og skólastarfið allmennt.

b. Samningur um skólamáltíðir

Fyrir fundinum lá samningur við Kántrýbæ um skólamáltíðir með lítilsháttar breytingum frá samningi sem var til umfjöllunar á fundi 25. maí. Sveitarstjórn staðfesti samninginn án athugasemda.

4. Lokun urðunarstaðar við Neðri Harrastaði

Fyrir fundinum lágu bréf UST vegna lokunar urðunarstaðar að Neðri Harrastöðum og drög að fyrirmælum um frágang og vöktun urðunarstaðarins eftir lokun. Einnig lágu fyrir bréfaskipti sveitarstjóra og UST um undanþágu frá gassöfnun á urðunarstaðnum. Sveitarstjóri greindi frá fundi með fulltrúum UST þar sem lokun og frágangur urðunarstaðarins var til umfjöllunar. Fundarmenn ræddu fyrirleggjandi gögn og þær kröfur sem gerðar eru vegna lokunaráætlunarinnar. Málið var til kynningar.

5. Bréf

a) Ungmennafélags Íslands, dags. 27. júní 2011.

Með bréfinu er óskað umsókna um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 2. landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður 2012.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar samþykktir um að sækjast eftir umsjón verkefnisins.

b) Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, dags. 4. júlí 2011.

Með bréfinu er styrktarsjóður EBÍ kynntur og gerð grein fyrir þeirri ákvörðun stjórnar að beina úthlutunarfé styrktarsjóðsins til þeirra landsvæða sem hafa farið illa út úr eldgosum síðustu missera. Í bréfinu kemur einnig fram að aðalfundur Fulltrúaráðs EBÍ verði haldinn 12. október nk.

Bréfið var til kynningar.

c) Húnaþings vestra, dags. 30. júní 2011.

Bréfið er boðsbréf þar sem fulltrúum sveitarfélagsins er boðið til afmælishátíðar Skólalúðanna að Reykjaskóla 28. ágúst nk. þar sem þess verður minnst að 80 ár eru liðin frá upphafi skólastarfs að Reykjum í Hrótafirði.

Bréfið var til kynningar.

- d) Umhverfissráðuneytis, dags. 30. júní 2011.
Með bréfinu sem er undirritað af umhverfissráðherra er tilkynnt um að umhverfisþing verði haldið 14. október nk. þar sem náttúrvernd verði aðalumfjöllunarefnið. Hvatt er til að sveitarfélög styðji við þátttöku ungmenna á þinginu.
Bréfið var til kynningar
- e) Umhverfisstofnunar, dags. 19. maí 2011.
Með bréfinu eru sveitarstjórnir sem rekstraraðilar leiktækja minntar á ábyrgð sína hvað varðar öryggi leikvallatækja og leiksvæða. Í bréfinu kemur einnig fram að aðalskoðun leiksvæða hefur einungis farið fram á minnihluta leiksvæða á landinu.
Bréfið var til kynningar.
- f) Umhverfissráðherra, dags. 3. júní 2011
Með bréfinu er tilkynnt um að ríkisstjórn Íslands hafi ákveðið að tileinka 16. september ár hvert Íslenskrri náttúru og að dagurinn sé fæðingardagur Ómars Ragnarssonar. Því er beint til sveitarfélaga að þau nýti daginn til að vekja athygli á gögnum og gæðum íslenskrar náttúru og hvetji fólk til að njóta hennar.
Sveitarstjóra falið að undirbúa gönguferð með leiðsögn um Spákonufellshöfð.
- g) Heilbrigðiseftirlits Nl.vestra, dags. 7. júní 2011.
Í bréfinu er fjallað um erindi Umhverfisstofnunar (UST) sem beint var til Heilbrigðiseftirlits Nl. vestra þar sem UST minnir á samræmingarhlutverk sitt og skyldur sveitarfélaga til að sækja um starfsleyfi fyrir fráveitur til heilbrigðisnefnda.
Með bréfinu fer Heilbrigðiseftirlitið fram á að sveitarfélagið taki saman gögn um stöðu og áform í fráveitumálum sem nýst geta í þeirri vinnu að skilgreina starfsleyfisskilyrði fyrir fráveitur.
Meðfylgjandi bréfinu var minnisblað fyrir UST um fráveitumál sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 1. apríl 2010 og afrit af bréfi UST til heilbrigðiseftirlitsins dags. 24. maí 2011 þar sem fráveitumál eru til umfjöllunar.
Sveitarstjóra falið að veita umbeðnar upplýsingar.
- h) Orkusölnunnar, dags. 1. júní 2011.
Með bréfinu er tilkynnt um uppsögn á öllum samningum Orkusölnunnar ehf við kaupendur ótryggðrar orku frá og með 1. júlí 2011 en að gerðir verði nýir samningar sem taki við af eldri samningum um orkusölnuna.
Bréfið var til kynningar.
- i) SSNV, dags. 14. júní 2011.
Með bréfinu er kynnt sú niðurstaða stjórnar SSNV að leggja til við aðildarsveitarfélögin að stofnuð verði sameiginleg barnaverndarnefnd. Kosið verði í nefndina á 19. ársþingi SSNV og nefndin taki til starfa 1. janúar 2012. Tillögunni verði vísað til ársþingsins.
Meðfylgjandi bréfinu er skýrsla stjórnarinnar um sameiginlega barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra. Í skýrslunni er fjallað um hlutverk og kostnað við barnaverndarnefndina og gerð tillaga að samþykktum. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemd við tillögu stjórnar SSNV.

6. Fundargerðir

- a) Fræðslunefndar, 27.06.2011.
Meðfylgjandi fundargerðinni var skólastefna sveitarfélagsins. Samþykkt að vísa henni til næsta fundar sveitarstjórnar til staðfestingar.
Fundargerðin var samþykkt
- b) Fræðslunefndar, 18.08.2011.
Fundargerðin var samþykkt
- c) Skipulags- og byggingarnefndar, 25.07.2011
Eftirfarandi dagskrárliðir voru samþykktir:

1. Staðfesting lóðamarka
2. Umferðarmál
5. Staðsetning geymslugáma

Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

- d) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 15.06.2011
Fundargerðin var samþykkt.
- e) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 28.06.2011
Fundargerðin var samþykkt.
- f) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 06.07.2011
Fundargerðin var samþykkt.
- g) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 14.07.2011
Fundargerðin var samþykkt.
- h) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 20.07.2011
Fundargerðin var samþykkt.
- i) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 27.07.2011
Í fundargerðinni kemur m.a. fram að dagskrá Kántrýdaga sé fyrirbyggjandi.
Sveitarstjórn lýsti yfir ánægju sinni með störf nefndarinnar við undirbúning Kántrýdaga og færir þeim sem stóðu að undirbúning og styrktu hátíðina bestu þakkir.
Fundargerðin var samþykkt.
- j) Stjórnar Félags- og skólabjónustu A-Hún, 27.05.2011
Fundargerðin var til kynningar.
- k) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, 27.06.2011
Fundargerðin var til kynningar.
- l) Stjórnar SSNV, 08.06.2011
Fundargerðin var til kynningar.
- m) Stjórnar SSNV, 07.07.2011
Fundargerðin var til kynningar.
- n) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 27.05.2011
Fundargerðin var til kynningar.
- o) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 24.06.2011
Fundargerðin var til kynningar.
- p) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 06.06.2011
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál.

- a) Oddviti og sveitarstjóri greindu frá fundi með fulltrúum Rarik um hitaveitumál þann 23. ágúst sl.
- b) Fram kom að Síminn hafi nú uppfært símsstöðina og því verði bæði nettengingar margfalt betri og nýir þjónustumöguleikar opnast. Ákveðið að senda þakkir til Símans fyrir góð viðbrögð við ósk um uppfærslu símsstöðvarinnar.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

c) Umræður urðu um málefni Nes listamiðstöðvar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12³

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson